

Fundargerð 26. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2017, fimmtudaginn 16. mars 2017 kl. 17:30 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Birna Ólafsdóttir Gylfi Ingvarsson, Guðlaug Kristjánsdóttir og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri, Sigðurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarssdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Samningur um byggingu hjúkrunarheimilisins.
Bæjarstjóri fór yfir fundargerðir verkefnastjórnarinnar dagsettar 1. september 2016 og 11. október 2016 þar sem fram kemur að farið var vel yfir breytingar á fyrri samningi sem undirritaður var í maí 2010. Endurskoðaður samningur við velferðarráðuneytið var samþykktur af bæjarstjórn þann 12. október 2016 með 11 samhljóða atkvæðum. Nýr samningur var síðan undirritaður 27. október 2016.
2. Hönnun heimilisins. Endurskoðun.
Formaður gerði grein fyrir fyrirhuguðum heimsóknum í Ísafold og á Sólvang næstkomandi mánudag.
Þórdís lagði fram og fór yfir minnisblað þar sem gerð er grein fyrir nauðsyn þess að hafa tvær lyftur í nýju hjúkrunarheimili, sjá meðfylgjandi skjal. Samstaða er í verkefnastjórninni um að sú breyting verði gerð að lyftum verði fjölgað úr einni í tvær. Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu er falið að sjá til þess að koma samþykktinni í framkvæmd.
[..\Hönnun\Lyftur.pdf](#)
3. Breyting verktíma.
Ósk liggur fyrir frá verktökum um aukinn verktíma, þ.e.a.s. framkvæmd verði lokið í lok ágúst í stað lok júní en að mati verktaka þarf verktíma að vera lengri. Verkefnastjórn samþykkir að framkvæmd verði lokið í lok ágúst 2018. Þessi breyting á tímaáætlun breytir í raun ekki áætlunum um flutning íbúa í hjúkrunarheimilið þar sem áætlað er að íbúar flytji inn í byrjun september 2018.
4. Rekstraraðili heimilisins.
Sviðsstjóra fjölskylduþjónustu falið að gera að gera drög að bréfi til velferðarráðuneytisins þar sem bent verður á að auglýsa þarf eftir rekstraraðila. Í samningnum sem undirritaður var í október 2016 segir að Sjúkratryggingar Íslands muni auglýsa eftir rekstraraðila fyrir hjúkrunarheimilið tólf mánuðum áður en verklok eru fyrirhuguð.
5. Endurhönnun Sólvangs.
Fundarmenn eru sammála um að hefja nú þegar forhönnun á "gamla" Sólvangi með það í huga að sækja um í Framkvæmdasjóð aldraðra. Málið verði rætt áfram á næsta fundi verkefnastjórnarinnar.

Fundi slitið kl. 18:45.

